

Ræða við embættistöku rektors í Hátíðasal Háskóla Íslands 30. júní 2015

Jón Atli Benediktsson

Forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi ráðherrar, fyrrverandi rektorar, góðir gestir.

I

Ég vil byrja á að þakka Kristínu Ingólfssdóttur fyrir að hafa veitt Háskóla Íslands öfluga forystu á einu mesta uppbyggingarskeiði í sögu skólans. Snemma í rektorstíð sinni beitti Kristín sér fyrir því að háskólinn setti sér metnaðarfulla stefnu sem byggði m.a. á innlendum og erlendum úttektum og var unnin í víðtæku samráði við starfsfólk og stúdenta skólans auk utanaðkomandi aðila. Sú stefna sem þar var mörkuð lagði grunninn að mikilli sókn og uppbyggingu Háskóla Íslands bæði í rannsóknum og kennslu. Þá hafði Kristín frumkvæði að viðamiklum breytingum á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands. En það kom líka í hlut hennar að leiða skólann í gegnum tímabil þrenginga og erfiðleika eftir að snögg umskipti urðu í efnahagslífi þjóðarinnar haustið 2008. Fyrir hönd Háskóla Íslands þakka ég Kristínu fyrir metnaðarfullt og árangursríkt starf.

Ég er þess fullviss að Kristín muni áfram vinna að framgangi Háskóla Íslands og eflingu háskólamenntunar hér á landi í öllum störfum sínum. Háskólinn á sannarlega hauk í horni þar sem Kristín er. Á persónulegum nótum langar mig að þakka Kristínu fyrir afar gott samstarf á undanförunum árum.

II

Við þessi tímamót er hollt að hugleiða stöðu Háskóla Íslands sem er að mörgu leyti sterk um þessar mundir. Háskólinn hefur fest sig í sessi sem öflugur alþjóðlegur rannsóknaháskóli. Við glöddumst yfir þeim árangri að skólinn komst á lista yfir fremstu háskóla heims á aldarafmæli sínu árið 2011 og hefur haldið stöðu sinni þar síðan. Alþjóðlegt Gæðaráð háskóla birti nýlega skýrslu um Háskóla Íslands og eru niðurstöður ráðsins í senn mikil viðurkenning og hvatning fyrir starfsfólk og stúdenta. Nýjustu kannanir Gallups staðfesta einnig að háskólinn nýtur mikils trausts almennings.

Háskóli Íslands menntar nú fleiri nemendur en nokkru sinni fyrr. Á hverju ári útskrifast um 1800 kandídatar úr grunnnámi, um 800 úr meistarnámi og á síðasta ári útskrifuðust 82 með doktorsgráðu. Nánast allt doktorsnám á Íslandi fer fram við Háskóla Íslands og skólinn hefur, í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið, mótað reglur og viðmið til að tryggja gæði námsins, m.a. með stofnun Miðstöðvar framhaldsnáms sem er aðili að alþjóðlegum samtökum doktorsskóla. Háskóli Íslands hefur veitt öðrum innlendum háskólum aðild að Miðstöðinni, sem er liður í að efla samstarf innanlands og styrkja þannig stöðu Íslands í alþjóðlegri samkeppni um starfsfólk og stúdenta.

Þá hefur Háskóli Íslands á undanförunum árum aukið sértekjur sínar með sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði og á sama tíma hafa tengsl skólans við íslenskt atvinnulíf stóreflst og vísindagarðar rísa nú í Vatnsmýrinni.

Allan þennan mikla árangur á Háskóli Íslands fyrst og fremst að þakka kraftmiklu og hæfu starfsfólki sem sýnt hefur þrautsegju og fórnfýsi á erfiðum tímum, en skólinn hefur líka notið velvilja almennings og stjórnvalda eins og kom í ljós þegar þverpólitísk samstaða náðist á Alþingi um stofnun Aldarafmælistjóðs Háskóla Íslands. Hlutverk sjóðsins er m.a. að tryggja að skólinn njóti, innan fárra ára, sambærilegrar fjármögnunar og norrænir rannsóknaháskólar.

III

Starfsfólk og stúdentar Háskóla Íslands hafa ríka ástæðu til að horfa björtum augum fram á veginn. Grunnurinn er traustur og tækifærin blasa alls staðar við. Möguleikar vísindanna eru í raun óþrjótandi. En við stöndum líka frammi fyrir erfiðum áskorunum. Sú stærsta tengist fjármögnun.

Háskóli Íslands hefur skilað hallalausum rekstri undanfarin ár, sem er afrek sé horft til ytri skilyrða. En 20% niðurskurður á árunum eftir hrun og 20% fjölgun nemenda á sama tíma hefur aukið álag á starfsfólk skólans og reynt á þolmörkin.

Afleiðingarnar birtast hvað skýrast í því að kennarar háskólans þurfa nú að meðaltali að sinna tvöfalt fleiri nemendum en tíðkast í sambærilegum norrænum rannsóknaháskólum.

Brýnasta almenna verkefni okkar nú er því að auka tekjur Háskóla Íslands og fá fram heildarendurskoðun á reiknilíkani mennta- og menningarmálaráðuneytisins og tryggja að það endurspegli raunverulegan kostnað við kennslu á háskólastigi. Við þurfum jafnframt að halda áfram að auka sjálfsaflafé skólans. Mestu skiptir þó að fyrirheitin um Aldarafmælisjóð verði efnd að fullu, og þar vænti ég góðs samstarfs við stjórnvöld. Forgangsröðun í þágu háskólamenntunar er einhver besta langtímafjárfestingin sem stjórnvöld geta lagt í nú þegar efnahagur þjóðarinnar er að vænkast. Háskóli Íslands hefur sýnt að hann er traustsins verður við meðferð almannafjár.

Ég leyfi mér að staldra við fjárhagsvandann því öllu skiptir að við horfumst í augu við þá bláköldu staðreynd að án bættrar fjármögnunar er árangri Háskóla Íslands stefnt í hættu. Takist ekki að tryggja fjárhagsgrundvöll háskólans gæti það tekið skólann áratugi að komast aftur í tæri við þau sóknarfæri sem nú blasa við á alþjóðlegum og innlendum vettvangi.

IV

Látum þetta nægja um fjármálin að sinni og víkjum að hugsjón háskólans. Sú sýn til Háskóla Íslands sem ég mun standa vörð um má í stuttu máli lýsa þannig:

Háskóli Íslands er alhliða kennslu- og rannsóknaháskóli í fremstu röð á alþjóðlegum vettvangi sem hefur ríkum skyldum að gegna við íslenskt samfélag og er einn af drifkröftunum í íslensku atvinnulífi. Á öllum fræðasviðum sínum býður skólinn upp á prófgráður sem standast alþjóðlegan samanburð. Akademískt frelsi og virðing fyrir ólíkum sjónarmiðum liggja til grundvallar öllu starfi skólans.

Þessi hugsjón felur í fyrsta lagi í sér hugmyndina um **alhliða** háskóla. Háskóli Íslands er eini háskóli landsins sem býður upp á alþjóðlega viðurkennt nám á öllum helstu fræðasviðum. Í alhliða háskóla er nauðsynlegt að virða sérstöðu fræðigreina og meta afrakstur rannsókna út frá þeim viðmiðum sem gilda á ólíkum fagsviðum.

Í öðru lagi felur þessi hugsjón í sér að skólinn vill vera öflugur kennslu- og rannsóknaháskóli. Lykilatriði hér er samþætting **kennslu og rannsókna** á öllum stigum.

Í þriðja lagi felur háskólahugsjónin í sér að **alþjóðleg viðmið** eru lögð til grundvallar í öllu starfi skólans sem er forsenda þess að hann geti skipað sér í hóp fremstu rannsóknaháskóla á Norðurlöndum. En skólinn hefur líka þá sérstöðu í alþjóðlegu samhengi að við hann eru stundaðar rannsóknir og kennsla í greinum sem tengjast sérstaklega íslenskri menningu og samfélagi.

Í fjórða lagi lýsir þessi hugsjón um Háskóla Íslands **gagnvirkum tengslum** skólans og íslensks samfélags. Háskólinn á stóran þátt í eflingu samfélagsins; hann er skóli atvinnu- og menningarlífs á Íslandi. Það eru íslenskir skattgreiðendur sem fjármagna háskólann að stærstum hluta. Hann starfar í þágu þjóðarinnar, er opinn þeim sem uppfylla settum kröfum um undirbúning og það starf sem unnið er við skólann snertir flest svið samfélagsins. Vinna þarf enn betur í því að gera starf og mikilvægi háskólans sýnilegt. Byggja má á þeim grunni sem þegar er fyrir hendi og nefni ég sem dæmi Háskóla unga fólksins, Háskólalestina, Vísindavefinn og rannsóknasetrin á landsbyggðinni. Stúdentar við skólann vinna í síauknum mæli að nýsköpun og úrlausn raunhæfra verkefna í námi sínu í tengslum við atvinnu- og þjóðlíf á Íslandi. Afar spennandi hefur t.d. verið að fylgjast með nemendum í Team Spark hópnum hanna umhverfisvæna kappakstursbíla og kynna hann þá á mótum erlendis, en við smíði bílanna njóta nemendurnir velvilja margra íslenskra fyrirtækja.

Loks vil ég í fimmta lagi nefna **akademískt frelsi** sem er kjarni háskólahugsjónarinnar og hornsteinn alls háskólastarfs. Því frelsi fylgir mikil ábyrgð og við þurfum stöðugt að vera á varðbergi gagnvart öflum sem gætu viljað skerða það í þágu stundar- eða sérhagsmuna. Háskóli er ekki fyrirtæki í venjulegum skilningi orðsins heldur **samfélag** kennara og stúdenta, eins og Páll Skúlason, fyrrverandi háskólarektor, lagði svo ríka áherslu á. Slíkt samfélag fær einungis þrífist ef stúdentar og starfsfólk er óhrætt við að gagnrýna vinnubrögð og aðferðir hvort heldur er í fræðunum eða við ákvarðanir sem teknar eru innan skólans eða utan.

Miklu skiptir að starfsfólk og stúdentar skólans komi með virkum hætti að öllum meiriháttar ákvörðunum sem varða starfsemina og að þeir eigi greiða leið að rektor. Lýðræði og jafnrétti á öllum sviðum er aðalsmerki skólans.

Ég heiti því að hafa öll þessi gildi að leiðarljósi í starfi mínu sem rektor.

V

Kæru áheyrendur. Fjölmörg verkefni bíða okkar í þeirri viðleitni að gera góðan háskóla enn betri. Þau verkefni þarf að útfæra í nýrri stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021 sem starfsfólk og stúdentar munu móta saman, strax á komandi haustmisseri.

Ég leyfi mér að tilgreina fimm þeirra sérstaklega:

Í fyrsta lagi vil ég nefna nauðsyn þess að **draga úr álagi** á starfsfólk skólans og auka starfsánægju. Háskólinn verður að geta boðið öllu starfsfólki sínu samkeppnishæf laun og starfsaðstæður sem gera skólann að aðlaðandi vinnustað.

Í öðru lagi þarf að efla **nýliðun** á öllum fræðasviðum skólans og móta fjölskyldustefnu sem gerir háskólann að aðlaðandi vinnustað fyrir ungt fjölskyldufólk.

Í þriðja lagi er mikilvægt að **bæta námsaðstöðu** við skólann, auka námsframboð á framhaldsstigi, tryggja gæði námsins, bæta aðstöðu til tilraunakennslu og verklegrar kennslu og fjölga styrkjum sem nemendum standa til boða.

Í fjórða lagi er nauðsynlegt að **styrkja rannsóknainnviði** háskólans og bæta tækjakost. Brýnt er að meta áhrif þess kerfis sem notað er til að meta rannsóknir og annað vinnuframlag við háskólann. Mikilvægt er að utanaðkomandi aðilar komi að þeirri vinnu.

Í fimmta lagi er mikilvægt að tryggja **faglega og ígrundaða ákvarðanatöku** á öllum stjórnstigum háskólans. Ein mikilvægasta forsenda þess er að stjórnendur skólans hafi ætíð aðgang að viðeigandi upplýsingum um starfsemi hans.

Fjölmargt annað mætti tilgreina hér. Nefni ég sérstaklega að við þurfum áfram að fylgja eftir þeim markmiðum sem stefnt var að með sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og styrkja tengsl Menntavísindasviðs og annarra fræðasviða skólans auk þess að rækta gott samstarf við framhaldsskólana í landinu.

Takist að vinna þessum umbótaverkefnum brautargengi á næstu árum munum við sjá þess merki í öllu starfi skólans. Háskóli Íslands verður þá með sanni einn af fremstu rannsóknaháskólum á Norðurlöndum. Þetta er að mínu mati raunhæft markmið.

VI

Áhugi Íslendinga á menntun byggir á gömlum merg. Fróðleiksporsti íslenskrar alþýðu á fyrri tímum var mikill og í Vesturheimi vakti athygli að íslenskir innflytjendur lögðu áherslu á menntun barna sinna og skólamál almennt. Þegar Vestur-Íslendingar vildu gera vel við gamla ættlandið sitt stofnuðu þeir sjóð til styrktar háskóla á Íslandi sem, eins og kunnugt er, var síðar notaður til að reisa

Háskólatorg og til að styrkja doktorsnám við Háskóla Íslands. Nútíma Íslendingar hafa líka lengi tengt saman sjálfstæði þjóðarinnar og háskólamenntun og þegar þeir sáu glitta í fullt sjálfstæði frá Dönum létu þeir það verða eitt sitt fyrsta verk að stofna háskóla á Íslandi.

Háskóli Íslands gegnir nú mikilvægara hlutverki en nokkru sinni fyrr í íslensku samfélagi. Hann flytur til landsins alþjóðlega þekkingar- og hugmyndastrauma og miðlar um leið í síauknum mæli vísindum og fræðum til annarra landa á mörgum sviðum. Íslenskt vísindafólk nýtur virðingar víða um lönd og sífellt fleiri erlendir stúdentar kjósa að leggja leið sína til landsins og nema við skólann.

Háskóli Íslands er ein mikilvægasta forsenda efnahagslegrar velferðar á Íslandi og fjárfesting í menntun er fjárfesting í framtíðinni. En hlutverk skólans er ekki síður að hlúa að andlegri velferð Íslendinga, glæða skilningsgáfuna og efla virðingu fyrir sannleiksleit og vísindaiðkun. Markmið háskóla er ekki það eitt að mennta sérhæft starfsfólk sem sinnir afmörkuðum hlutverkum í samfélaginu, eins mikilvægt og það hlutverk er í dagsins önn. Háskólamenntun á að veita nemendum þjálfun í að kryfja forsendur vísinda og fræða og spyrja áleitinna spurninga. Þannig er það hlutverk háskóla að þroska dómgreindina, efla siðvitið og vekja gagnrýna hugsun. Framlag Háskóla Íslands til íslensks samfélags veltur ekki síst á því hvernig okkur tekst að rækja þá skyldu.

VII

Kæru gestir, um leið og ég tek við embætti rektors Háskóla Íslands vil ég þakka fyrir það traust sem mér er sýnt. Ég heiti því að sinna þessu starfi af alúð og veit að með ykkar hjálp munum við efla háskólann enn frekar.